

Aðalfundur Ferða og Útivistarfélagsins Slóðavina 27 Október 2009

Jakob Þór Guðbjartsson formaður býður fundargesti velkomna og setur fundinn.

30 félagsmenn eru mættir

Jakob kynnir dagskrá fundarins. Jakob talar um að engar formlegar nefndir séu starfandi þó lög félagsins geri ráð fyrir að stjórn geti skipað slíkar. Þó er óformlegur starfshópur starfandi sem vinnur að veflausn fyrir félagið.

Jakob leggur til að Guðmundur Guðmundsson sé kosinn fundarstjóri og Ásgeir Örn Rúnarsson ritari fundarins og samþykkir fundurinn það.

Guðmundur tekur til máls, kynnir sig og talar um að baráttumálin sem félagið er að kljást við í dag séu ekki ósvipuð og þau sem voru fyrir 30-40 árum, enn er verið að berjast um réttinn til að fá að hjóla á slóðum og svæðum. Guðmundur kannar hvort fundur sé löglegur og kemst að því að svo sé.

Skýrsla Stjórnar :

Jakob Þór kynnir liðið starfsár í stuttu máli (sjá skýrslu stjórnar). Jakob talar um hversu lítið félagsheimili Snigla sé fyrir marga af viðburðum sem Slóðavinir hafa haldið. Jakob telur upp viðburði ársins og talar sérstaklega um verkefnið „Styrkur til góðra verka“ Jakob talar einnig um nokkra viðburði sem féllu niður, hagsmunabaráttuna og umfjöllun í fjölmiðlum (sjá nánar í skýrslu stjórnar)

Umræður eru opnaðar um skýrslu stjórnar og er fjöldi viðburða ræddur og hvort gott eða nauðsynlegt sé að hafa svo marga viðburði. Rædd er sú nauðsyn að halda uppi virkri hagsmunagæslu fyrir ferðafólk á vélhjólum og að hópurinn þurfi að vera sýnilegri í fjölmiðlum, hugmyndir koma upp um að virkja fleiri „penna“ til að skila af sér stuttum en hnitmiðuðum greinum til birtingar í fjölmiðlum.

Ársreikningur :

Pétur T. Gunnarsson gjaldkeri fer yfir skoðaðan ársreikning félagsins (sjá ársreikning). Eintak af undirrituðum ársreikningi skoðunarmanna liggur fyrir fundinn. Umræða spinnst um fækkun félaga frá fyrra ári og menn leiða hugann að ástæðum þess og kemur kreppan þar til tals. Félagsmenn benda á að láta senda rafræna greiðsluseðla á alla skráða félagsmenn til að reyna að fá betri heimtur á félagsgjöldum en þó halda niðri kostnaði þar sem dýrt sé að senda út pappírs gíróseðla.

Umræða um ársreikning á sér stað og rætt er sérstaklega útlagður kostnaður félaga og uppgjör félagsins til þeirra og þá sérstaklega í tengslum við Enduroskóla, NOHVCC ráðstefnu og heimsókn Russ Ehnes til Íslands. Þá kemur fram að gjaldkeri er mjög fastur á að í bókhaldi félagsins séu frumrit til grundvallar greiðslu en margir fundarmenn benda á að það tíðkist talsvert að reikningar séu sendir rafrænt (pdf og fleiri form) og dugi það oftast. Þrátt fyrir þetta er ljóst að búið er að gera grein fyrir öllum útgjöldum. Á ársreikningi lögðum fyrir fundinn eru útgreiddir reikningar settir á efnahagsreikning sem skammtímakröfur og eru sundurliðaðar á tiltekna félagsmenn. Fundurinn gerir athugasemd við þessa uppsetningu og talað er um að ekki sé hægt að samþykkja reikninga félagsins á þennan hátt. Tillaga er lögð fyrir fundinn af fundarritara sem hljóðar svo : „Lagt er til að fundurinn samþykki gjaldfærslu ýmissa reikninga að upphæð 640,613.- krónur samanber athugasemd númer 6 í ársreikningi og verði talan færð frá skammtímakröfum á efnahagsreikningi yfir á rekstrargjöld á

rekstrarreikningi.“ Fundurinn samþykkir tillöguna samhljóða.

Breyttur ársreikningur er síðan lagður til samþykktar fundarins og fundurinn samþykkir hann samhljóða.

Engin tillaga var borin upp um breytingu félagsgjalda og verða þau því óbreytt, 4000 krónur fyrir einstakling og 7000 krónur fyrir fjölskyldu með sama lögheimili.

Kosning stjórnar og formanns :

Allar kosningar fóru fram með handar uppréttingu og klappi þar sem ekki þurfti að kjósa á milli manna.

Jakob Þór Guðbjartsson formaður kosinn aftur

Pétur T. Gunnarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu

Guðmundur Tryggvi Ólafsson kosinn aftur (kjörtímabil 2009-2011)

Ásgeir Örn Rúnarsson kosinn nýr í stjórn (kjörtímabil 2009-2011)

Rögnvaldur Eiríksson hættir eftir 1/2 tímabil

Kristján Már Arnarson kosinn nýr í stað Rögnvaldar (kjörtímabil 2009-2010)

Hjörtur L. Jónsson varamaður er kosinn aftur (kjörtímabil 2009-2011)

Robert Lee Tómasson situr áfram í stjórn (kjörtímabil 2008-2010)

Hilde B Hundstuen varamaður situr áfram í stjórn (kjörtímabil 2008-2010)

Þorsteinn Gunnlaugsson endurskoðun reikninga

Steina Steinarsdóttir endurskoðun reikninga

Önnur mál :

Heiðursfélagi valinn af stjórn er Jón G. Snæland fyrir störf sín í þágu ferðafólks á vélknúnum ökutækjum við ferlun og utanumhald slóða á há og láglandi. Jakob les bréf frá Jóni þar sem Jón komst ekki á fundinn til að veita viðurkenningunni viðtöku.

Heimasíða félagsins rædd og velt upp spurningum um vistun sem .is en ekki .org Kom fram að aðal ástæða þess að halda áfram með .org er að kostnaður er minni og þjónusta mun meiri. Óskað var eftir sjálfboðaliða í umsjón vefsíðu.

Hagsmunamálin rædd nánar ásamt kynningarmálum

Jakob bendir á að viðræður hafi átt sér stað við Arctic Trucks um að fá aðstöðu til að halda félagsfundi en frekari viðræður eigi eftir að eiga sér stað áður en slíkt verði staðfest.

Fundi Slitið.

Eftir aðalfund og kaffihlé var svokölluð Skugganefnd kynnt sem unnið hefur í Veflausnum og þá sésrtaklega vörpun ferla á netið með Íslandskortagrunn undir sem sjónræn lausn fyrir félagsmenn. Verkefnið er enn í vinnslu og eitthvað í að það sé tilbúið.

Í Skugganefnd sitja :

Hreiðar Jólsson

Baldur Sigurðsson

Jakob Þór Guðbjartsson

Halldór Sveinsson

Hjörtur Blöndal

Að lokum kynnti Hjörtur L. Jónsson akstursbraut af Hofi í Vatnsdal, sem hlaut styrk úr „Styrkur til góðra verka“